

Mánudaginn 24. júlímánaðar.

Nr. 23/1905:

Réttvísinn

gegn

Valdimar Jónatanssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu var hinn ákærði Valdimar Jónatansson í Reykjavík sakaður fyrir skjalfafs, einfaldan þjófnað og stórþjófnað, en með aukaréttardómi Reykjavíkurskaupstaðar uppkveðnum 12. des. f. á. var hann sýknaður af ákæru sóknarans, en jafnframt dæmdur til að greiða allan af málinu og af varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til verjanda fyrir aukaréttinum 5 kr.

Dómi þessum hefir af hálfu valdstjórnarinnar verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að hann hafi leyfislaus og í sviksamlegum tilgangi ritað nafn annars manns, Ásmundar bónda Eiríkssonar, undir ávísun, er hann sjálfur bjó til, fyrir 10 kr. á verzlun Thomsens í Reykjavík, og að hann sýndi þar ávísunina, til þess að fá hana borgaða, en það tókst ekki. Þetta var í haust er leið.

Ennfremur er það sannað, að hinn ákærði hafi í síðastliðnum septembermán. stolið koparistöðum frá Jóset Jónssyni á Suður-Klöpp í Reykjavík, er virt hafa verið 5 kr. Hann hafði aðgang að geymslúsi þar á Suður-Klöpp og skar ístöðin frá hnakk Jósefs, er var geymdur í téðu húsi, og kastaði síðan eign sinni á ístöðin. Þeim hefir verið aftur skilað eiganda. Loks

má álíta það nægilega sannað, þótt framburður ákærða-
um það hafi verið mjög á reiki og ruglingslegur og
sjálfum sér ósamkvæmur, að hann hafi í haust er leið,
er hann var á leið hingað suður austan úr Grímsnesi,
tekið ófrjálsri hendi í Þingvallasveitinni brúna hryssu,
sem annar maður hefir leitt sig eiganda að, enda síðar
fengið afhenta; hafði hinn ákærði hryssuna með sér
hingað suður, og breytti einkennum á henni. Að vísu
þóttist ákærði ýmist hafa keypt hryssuna af nafngreind-
um manni í Grímsnesi, en það sannaðist að vera rang-
ur framburður, eða hann þóttist hafa tekið hana á víða-
vangi sem strokubross, og ætlaði að koma henni til
skila. En þó taldi hann hryssuna sína eign, er hann
kom með hana hingað suður, og eigi gjörði hann neina
tilraun til að koma henni til skila. Það verður eigi
unt að taka tillit til framburðar hans í þessu efni, og
verður að álíta það fullvíst, að ákærði hafi tekið hryssuna
til að kasta eign sinni á hana.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, og
hefir hann áður með aukaréttardómi Vestmanneyjasýslu
uppkveðnum 3. júní 1903 verið dæmdur í 8 mánaða
betrunarhúsvinnu fyrir brot gegn 205. og 298. gr.
hegningarlaga, svo og fyrir innbrotspjófnað eftir
sömu laga 231. gr. 4. lið. Þessa refsing hafði hann
lokið við að taka út 29. des. 1903. Afbrot þau, er hinn
ákærði nú hefir gjört sig sekan í, heyra undir 270. gr.
og 232. gr. 1. og 2. lið hinna alm. hegningarlaga, en
það verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir
sýknað hann fyrir ákæru sóknarans með skírskotun til
39. gr. áminstra laga, með því að ákærði eigi verður
talinn sakhæfur eftir framkomnum skýrslum. Það er

vottað af Þorsteini Þorbergssyni, að ákærði hafi sumarið 1902, er hann átti heima í Brúnahvammi í Vopnafirði, verið álitinn vitskertur. Fangavörðurinn í Reykjavík hefir vottað það, að er ákærði var í hegningarhúsinu árið 1903 hafi hann stundum komið fram með svo mikilli ofsakæti og gáskalátum, að hann hafi þá trauðlega getað álitist normal. Hinn 17. okt. f. á. vottar héraðslæknirinn í Reykjavík, að ákærði hafi þá verið brjáláður síðan 13. s. m. og vottorð um brjálsemi ákærða gefur héraðslæknirinn aftur 14. nóv. og 12. des. f. á., og segir þar, að »vitskerðingin sé enn að öllu leyti eins«. Með tilliti til þessa verður að álíta, að sálarástand ákærða hafi verið svo veiklað, og skilningur hans svo sljófgaður eða ruglaður, er hann framdi afbrot sín í haust, að eigi verður staðhæft, að hann hafi verið sér þess meðvitandi, að verk hans voru hegningarverð, er hann framdi þau. Það verður því að staðfesta aukaréttardóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans. Áfrýjunarkostnað málsins verður ákærði að greiða, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Valdimar Jónatansson greiði einnig allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, málsfærslumanna Guðmundar Eggerz og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.